

Stj.tíð. B, nr. 388/1978.

Sérprentun nr. 360

Auglýsing um friðland á Ingólfshöfða.

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að friðlýsa Ingólfshöfða í Austur-Skaftafellssýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins mynda ferhyrning um línur sem hugsast dregnar í 100 metra fjarlægð út frá ystu klettasnösum höfðans.

*Þessar reglur gilda um friðlandið.*

Hefðbundnar nytjar bænda á Hofi og Svínafelli III í Hofshreppi fá að haldast á svæðinu með samkomulagi við [Umhverfisstofnun]. Sama gildir um hefðbundnar nytjar Hofsness af fjöru vestan höfðans og ósi sem falla kann um svæðið.

Að öðru leyti má hvorki skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask.

Mannvirkjum, sem nú eru á höfðanum, skal við haldið í samráði við [Umhverfisstofnun].

Gangandi og ríðandi fólki er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi en hyggist ferðafólk dvelja þar um lengri tíma þarf leyfi umsjónaraðila. Akstur er bannaður í höfðanum án sérstaks leyfis umsjónaraðila, svo og meðferð skotvopna.

[Umhverfisstofnun] getur falið umboð sitt samkvæmt þessari friðlýsingu þriggja manna umsjónarnefnd sem skipuð sé fulltrúum tilnefndum af landeigendum, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu og [Umhverfisstofnun].

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 186/1974 um sama efni.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. október 1978.

Ragnar Arnalds.

---

Runólfur Þórarinnsson